

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Leikskólinn Vesturberg.....	3
Inngangur.....	4
Velkomin í Vesturberg.....	5
Ágætu foreldrar.....	5
Húsakynni og barnafjöldi.....	5
Að byrja í leikskóla - aðlögun.....	6
Starfsgrundvöllur leikskóla.....	6
Námssvið leikskóla.....	7
Markmið náms í leikskólanum.....	7
Sjálfstjórnunarréttur.....	7
Daglegt líf í Vesturbergi.....	8
Dagskipulag.....	8
Matartímar.....	8
Svefn og hvíld.....	8
Leiktími.....	8
Útivera.....	8
Heiltæk skólustefna - börn með sérþarfir.....	9
Foreldrasamstarf - markmið og áherslur.....	9
Foreldrafélag.....	9
Leikskólustarf – svona gerum við!.....	10
Svæðaskipulagið.....	10
Vatnsnes (fataklefi og salerni).....	10
Vatnsnes (fataklefi og salerni).....	11
Uppeldisleg markmið:.....	11
Sérstakir áhersluþættir í Vatnsnesi.....	11
Verklýsing:.....	11
Framnes (hlutverkaleikir/spil og bækur).....	12
Uppeldisleg markmið:.....	12
Sérstakir áhersluþættir í Framnesi:.....	12
Verklýsing:.....	12
Vinaminni (myndsköpun).....	13
Uppeldisleg markmið:.....	13
Sérstakir áhersluþættir í Vinaminni:.....	13
Verklýsing:.....	13
Gróf (salur).....	14
Uppeldisleg markmið:.....	14
Sérstakir áhersluþættir í Gróf:.....	14
Verklýsing:.....	14
Bláholt (eldhús).....	15
Uppeldisleg markmið:.....	15
Sérstakir áhersluþættir í eldhúsi:.....	15
Verklýsing:.....	15
Sólvellir (útsvæði).....	16
Uppeldisleg markmið:.....	16
Sérstakir áhersluþættir á útsvæði:.....	16
Verklýsing:.....	16
Náttúra og umhverfi.....	17
Tengsl barns og náttúru.....	17
Menning og samfélag.....	18
Ferðir – nágrennið.....	18
Hátíðir og hefðir.....	18

Fagnaðarfundir	19
Mat á leikskólastarfinu	19
Innra gæðamat - framkvæmd	19
Mat foreldra	19
Mat starfsfólks	19
Ársskýrsla	19
Hagnýtar upplýsingar	20
Sérfræðiþjónusta – yfirumsjón	20
Að koma og fara	20
Leikföng	20
Fatnaður	20
Viðtalstímar	20
Óhöpp, slys og veikindi	20
Fjarvistir barna	20
Breytt heimilisfang/símanúmer	21
Skipulagsdagar	21
Sumarleyfislokun	21
Dvalargjöld	21

Leikskólinn Vesturberg

Netfang: vesturberg@reykjanesbaer.is

Vesturbraut 13
230 Reykjanesbær

Sími: 421-7079

Opnunartími: 07:30 – 17:15

Leikskólastjóri: Brynja Aðalbergsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Halldóra Magnúsdóttir

Annað starfsfólk:

Hildur Harðardóttir leikskólakennari
Hulda Rósa Stefánsdóttir leikskólakennari
Ingibjörg Kjartansdóttir leiðbeinandi
Ingibjörg L. Steingrímsdóttir leiðbeinandi
Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir leiðbeinandi
Margrét Ósk Heimisdóttir leiðbeinandi
Ragna Kristín Árnadóttir leiðbeinandi
Ragnheiður Ragnarsdóttir leiðbeinandi
Þorbjörg Guðnadóttir leiðbeinandi

Formaður foreldrafélags: Linda Birgisdóttir.

Inngangur

Með tilkomu aðalnámskrár leikskóla árið 1999, var öllum leikskólum landsins gert að semja skólanámskrá sem veita skyldi heildaryfirlit yfir starfssemi leikskólans. Við gerð námskrárinnar var einnig tekið mið af skólastefnu Reykjanesbæjar sem gefin var út haustið 1998. Í aðalnámskrá leikskóla segir að hlutverk skólanámskrár sé að:

- Gera leikskólastarfið sýnilegra.
- Veita yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla.
- Gera leikskólastarfið markvissara og auðveldara.
- Veita heildarsýn yfir uppeldisstarfið.
- Gefa starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers vænst er af því.
- Gera nýliðum auðveldara að komast inn í starfið.
- Auðvelda markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.

Námskrá leikskólans Vesturbergs var fyrst gefin út í apríl 2002 og var þá afhent leikskólafulltrúa Reykjanesbæjar við hátíðlega athöfn. Unnið hafði verið að námskránni í tvö til þrjú ár en með það að leiðarljósi að námskráin yrði endurútfengin og yfirfarin. Hér kemur út endurskoðuð námskrá. Í námskrá þessari koma fram starfslýsingar/svæðalýsingar á hverju svæði fyrir sig, álitamál er hvort slíkt eigi heima í námskrá. Eftir vangaveltur var ákveðið að hafa þær með vegna þess að við teljum að tilvonandi og núverandi foreldrar leikskólans eigi rétt á að vita hvernig kennarar skólans skuli starfa.

Allir kennarar leikskólans hafa unnið í sameiningu að endurnýjun námskrárinnar og foreldrafélag Vesturbergs hefur einnig komið að þeirri vinnu og lagt orð í belg.

Þessari vinnu hefur verið ætlað að koma í veg fyrir að nokkuð standi í námskránni sem starfsfólk getur ekki staðið við að inna af hendi. Leikskólastjóri hefur skráð endanlega gerð námskránnar og ber á henni fulla ábyrgð.

Í leikskólastefnu Félags leikskólakennara segir að í uppeldi og menntun hafi „hið þögla“ og óformlega ekki síður áhrif en hið opinbera og formlega. Þar segir líka að aðalnámskráin, sem er hinn formlegi og opinberi grundvöllur leikskólastarfsins, þurfi að vera í stöðugri þróun.

Það hefur vakið athygli okkar að æ fleiri foreldrar hafa sótt um að koma með börnin sín í Vesturberg eftir að hafa kynnt sér námskrá leikskólans á heimasíðu Reykjanesbæjar reykjanesbaer.is, það segir okkur að hún sé lesin og þá er markmiðinu náð.

Við óskum þess að námskrá þessi verði þeim sem lesa hana til upplýsingar og megi hún verða foreldrum, kennurum, sveitastjórnarmönnum og öðrum til gagns og megi hún auka gæði skólastarfs í Vesturbergi.

Velkomin í Vesturberg

Ágætu foreldrar.

Innilega velkomin með barnið ykkar í leikskólann Vesturberg. Við vonum að hér eigi bæði ykkur og barninu eftir að líða vel.

Við leggjum mikla áherslu á að góð samvinna takist milli okkar strax frá upphafi dvalar barnsins og við viljum að þið vitið að leikskólinn stendur ykkur opinn hvenær sem er. Þið eruð alltaf velkomin hér innan dyra og við hvetjum ykkur til að gefa ykkur tíma til að vera sýnileg í daglegu starfi leikskólans.



Vesturberg

Vesturberg tók á móti fyrstu börnunum 18. júní 1997 en var formlega opnaður þann 27. júní 1997.

Húsakynni og barnafjöldi

Leikskólinn Vesturberg er starfræktur í um það bil fjörutíu ára gömlu tveggja hæða íbúðarhúsi að Vesturbraut 13.

Vesturberg er tveggja deilda leikskóli. Húsinu er skipt upp í sjö svæði sem standa börnunum opin daglega. Börnin fara frjálst milli svæða án íhlutunar starfsfólks. Svæðin heita eftir örnefnum eða húsum sem til eru í bæjarfélaginu t.d. heitir myndlistarsvæðið Vinaminni, hlutverkjaleikjasvæðið Framnes, hreyfisvæðið Gróf, Sólvellir er útisvæðið, Bláholt er eldhús Vesturbergs og Vatnsnes er fataherbergi og salerni. Hvert svæði hefur ákveðið hlutverk í uppeldisstarfi leikskólans.

Fyrsta árið var eingöngu boðið upp á hálf dagsvistun og voru þá alls 56 börn í leikskólanum. Í dag er boðið upp á fjóra til níu vistunartíma daglega og samtímis eru börnin 37 en alls eru börnin 42 í Vesturbergi.

Starfsfólk leikskóla

- Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi.
- Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldi og kennslu ákveðins barnahóps. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi síns hóps.
- Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildarstjóra að náminu í leikskólanum.
- Stuðningsfulltrúi starfa í leikskólanum vegna sérkennslu fyrir börn með sérþarfir.
- Leikskólinn fær aðsendan heitan mat daglega frá Matarlyst/Atlanta ehf.
- Ræsting er boðin út og er þrifið daglega eftir að leikskólanum er lokað.

Allt starfsfólk er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem það fær um barn eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Að byrja í leikskóla - aðlögun

Það reynist börnunum oft erfitt að byrja í leikskóla og þau bregðast ólíkt við þeirri nýju reynslu sem þau upplifa þegar þau hefja skólagönguna. Foreldrar eru líka misvel undirbúnir. Oft er þetta fyrsti aðskilnaður barnsins við heimilið og fjölskylduna og því mikilvægt að vel takist til og öllum líði vel á meðan á aðlöguninni stendur.

Þegar barn byrjar í Vesturbergi, eru foreldrar boðaðir í viðtal við leikskólastjóra. Þar er gengið frá skriflegum dvalarsamningi, foreldrar hitta starfsfólkið, skoða leikskólann og fá upplýsingar um starfið. Næst koma svo foreldrar (foreldri) og barn saman og skoða. Þá tekur kennari barnsins á móti þeim og sinnir barninu sérstaklega. Þessi fyrsta heimsókn barnsins varir yfirleitt í um það bil klukkustund. Eftir það smá lengist dvölin og hvert barn fær aðlögunaráætlun við sitt hæfi. Oftast tekur það börnin um það bil viku að aðlagast leikskólanum en stundum þurfa þau lengri tíma og stundum styttri. Við hvetjum foreldra til að njóta þessara daga og taka lífinu með ró meðan á aðlögun stendur. Það er mjög gott að nota tímann til að kynna starfsfólkinu og hinum börnunum og verða þannig betur í stakk búin til að ræða við barnið um leikskólann og allt sem þar gerist þegar heim er komið.

Starfsgrundvöllur leikskóla

Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla frá 1994 og aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi 1. júlí 1999. Aðalnámskrá leikskóla er eins og segir í 2. gr. auglýsingar um gildistöku hennar „fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans. Þar er lýst markmiðum leikskólastarfsins og leiðum að settu marki“.

Í lögum um leikskóla eru sett fram eftirfarandi meginmarkmið:

- Að veita börnunum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði.
- Að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara.
- Að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo þau fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,
- Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun.
- Að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólanámi.
Þessi námssvið eru:

- Málrækt.
- Hreyfing.
- Myndsköpun.
- Tónlist.
- Náttúra og umhverfi.
- Menning og samfélag.

Í Vesturbergi er námssviðunum fléttað inn í svæðaskipulagið eins og fram kemur í kaflanum um svæðaskipulagið hér að aftan. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðuþáttum leikskólafarsins: daglegri umönnun, leik og almennri lífsleikni.

Markmið náms í leikskólanum

Allar rannsóknir á leiknum sem gerðar hafa verið undanfarin ár, sýna svo ekki verður um villst að börn verða að fá að leika sér. Það er í gegnum leikinn sem börnin læra, þroska og þjálfa hæfileika sína.

Þegar námsstefna Vesturbergs var ákveðin, var virðing fyrir frjálsum sjálfsprottum leik barna lögð til grundvallar öllu uppeldisstarfi leikskólans. Allt skipulag sem kæmi í veg fyrir að börnin næðu að lifa sig inn í leikinn skyldi vera í lágmarki. Auk þess var lagt upp með trú á barnið sem getumikinn einstakling, færán um að taka sjálfstæðar ákvarðanir og því ákveðið að börnin skyldu sjálf fá að ráða sem mestu um hvernig þau nýttu tíma sinn í leikskólanum. Þá var einnig höfð að leiðarljósi þörf barnanna fyrir ást, öryggi, hlýju og viðurkenningu hins fullorðna. Leikskólinn skyldi því vera öruggur, hlýlegur, skemmtilegur og örvandinninnustaður sem vakti hjá börnunum gleði, forvitni og frumkvæði auk þess að efla sjálfstæði þeirra og jákvæða sjálfsmynd.

Sjálfsákvörðunarréttur

Í Vesturbergi er sjálfsákvörðunarréttur barna virtur. Við lítum svo á að sjálfsákvörðun felist í viljanum til að vera sjálfstæður, að geta staðið óháður öðrum börnum, umhverfi sínu og þeim fullorðnu.

Við teljum að sjálfsákvörðun sé þróun sem stendur allt lífið. Hér í Vesturbergi viljum við ýta undir sjálfstæði barnanna, bæta sjálfsmynd þeirra og leyfa þeim að taka ákvarðanir um hvað þau vilja gera í leikskólanum. Þó að börnin ráði hvað þau gera í leikskólanum ætlumst við til að þau fari eftir reglum skólans til dæmis í matar- og kaffitímum.

Daglegt líf í Vesturbergi

Dagskipulag

- 07:30 Tekið á móti börnunum. Rólegur tími.
- 08:00 – 10:00 Morgunmatur / Leiktími: úti/inni.
- 10:00 – 10:30 Samverustundir, skipt í hópa. Boðið upp á ávexti eða grænmeti.
- 10:30 – 12:00 Leiktími: úti/inni. Vettvangsferðir. Hópasamvera
- 11:30 – 13:00 Hádegismatur og hvíld yngstu barnanna.
- 12:00 – 13:00 Hádegismatur og hvíld eldri barna. Tekið á móti börnunum sem koma eftir hádegi úti eða inni.
- 13:00 – 15:30 Leiktími: úti/inni. Vettvangsferðir. Hópasamvera
- 14:00 – 16:00 Síðdegishressing.
- 15:30 – 16:00 Samverustundir, skipt í hópa. Boðið upp á ávexti eða grænmeti.
- 16:00 – 17.15 Leiktími: úti/inni. Börnin byrja að tínast heim.

Matartímar

Morgunmaturinn er snæddur í eldhúsinu. Þar er síðdegishressingarinnar einnig notið. Börnin koma þegar þau vilja meðan eldhúsið er þeim opið. Þau sitja saman við borð, aldrei fleiri en sex í einu. Lögð er áhersla á að hjálpa börnunum til að hjálpa sér sjálf við matborðið. Starfsfólk skráir hjá sér hverjir borða svo öruggt sé að allir borði. Hádegismatur er framreiddur í Vinaminni og er börnunum skipt í þrjá hópa eftir aldri. Hádegismaturinn er aðsendur frá Matarlyst/Atlanta. Hádegismatur er klukkan 11:30, 12:00 og 12:30.

Svefn og hvíld

Fyrir eða eftir hádegismatinn hvíla börnin sig og þau yngstu sofa. Það fer eftir aldurssamsetningu barnahópsins hvernig hvíldarinnar er notið, hvernig hópnum er skipt upp og hvort hlustað er á sögu, spjallað eða spilað, aðalatriðið er að allir eigi rólega stund.

Leiktími

Í leikskólanum læra börn og þroskast gegnum leik. Leikurinn er kjarni alls uppeldisstarfsins. Til að börnin njóti sín í leik þurfa þau að finna til öryggis, það þarf að hlúa vel að þeim andlega og líkamlega. Eins og sést á dagskipulaginu er mikil áhersla lögð á það í Vesturbergi að börnin fái tíma og frið til að vinna úr upplifunum sínum í leik og skapandi starfi. Börnin eru helst ekki trufluð ef þau hafa náð að lifa sig inn í góðan leik. Það er líka lögð áhersla á það í markmiðum svæðanna að starfsfólkið sé duglegt að kenna börnunum hópaleiki, söng- og hreyfileiki.

Útivera

Eins og fram kemur í kaflanum um uppeldisstefnu leikskólans hér að framan, er sjálfsákvörðunarréttur barnsins virtur í Vesturbergi og því ráða börnin því sjálf hvort og hvenær þau vilja fara út. Útisvæðið, Sólvellir, er opið allan daginn og einn starfsmaður ávallt reiðubúinn til að fara út með börnunum. Þar sem vitað er að útivist er öllum börnum holl eru börnin hvött til að fara út a.m.k. einu sinni á dag. Það er farið í kraftgöngur og leynistaðaferðir og starfsfólki er ætlað að vera duglegt að fara í langar og stuttar vettvangsferðir með litla eða stóra barnahópa.

Heiltæk skólastefna - börn með sérþarfir

Í Vesturbergi hefur verið lögð áhersla á að starfsmannahópurinn sé ábyrgur fyrir öllum börnum leikskólans. Þar eru börn með sérþarfir ekki undanskilin. Margar rannsóknir styðja trú okkar á að börn læri mest og best í barnahópnum. Það fer þó vissulega eftir eðli greiningar hvers barns um sig hvernig sérkennslunni er háttað að öðru leyti.

Foreldrasamstarf - markmið og áherslur

Í aðalnámskrá leikskóla segir að markmið með foreldrasamstarfi sé að:

- Veita foreldrum upplýsingar um starfssemi leikskólans.
- Veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.
- Afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra.
- Stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.
- Rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.
- Skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Það er ljóst að góð samvinna og traust verður að vera fyrir hendi milli foreldra og starfsfólks svo hægt sé að vinna með heill barnanna í huga. Við viljum gjarnan sjá gagnrýninn og kröfuharðan foreldrahóp, sem fylgist vel með því sem verið er að gera í leikskólanum og lætur það skipta sig máli. Við leggjum mikið upp úr að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann og hvetjum þá til að gefa sér tíma þegar þeir koma með eða sækja barnið, komi inn, leyfi barninu að ljúka við verkefnið sitt, kynnist hinum börnunum og lesi jafnvel bók fyrir börnin eða fari í kubbaleik. Tvö foreldraviðtöl eru á ári. Leikskólinn gefur út fimm til sex fréttabréf á ári þar sem veittar eru upplýsingar um það helsta sem er að gerast í leikskólanum.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Vesturbergs var stofnað 20. jan 1998. Í stjórn foreldrafélags Vesturbergs eiga nú sæti fimm fulltrúar foreldra og tveir til vara auk eins fulltrúa starfsfólks. Foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir foreldrafélagsins þegar barn byrjar í leikskólanum. Árgjaldið er greitt með gíróseðli einu sinn á ári. Foreldrar systkina greiða eitt gjald. Til fjáröflunar hefur foreldrafélagið haldið kökubasara, selt áprentaða boli og fleira. Foreldrafélagið stendur fyrir skemmtiferðum fyrir börn og foreldra og jólaballi svo eitthvað sé nefnt.

Leikskólastarf – svona gerum við!

Svæðaskipulagið

Vesturberg er opinn leikskóli þar sem allt rými barnanna er sameiginlegt. Leikskólanum hefur verið skipt upp í svæði frá upphafi. Svæðin eru sjö og hafa hvert um sig ákveðin uppeldisleg markmið. Börnin fara frjálst um húsið en starfsfólkið á fasta viðveru á svæðunum viku í senn. Starfsfólk má ekki yfirgefa svæðið sitt nema að fá annan starfsmann til að leysa sig af. Starfsfólkið leggur áherslu á að vera til staðar fyrir börnin, lætur þau hafa sem mest frumkvæði að gjörðum sínum, veitir hjálp sé um hana beðið en áherslan er á að hjálpa börnunum til sjálfshjálpar. Starfsfólki ber að vera góð fyrirmynd á svæðinu.

Markmið svæðaskipulagsins er m.a.:

- Að sjá til þess að hver einstaklingur njóti sín á eigin forsendum.
- Að sjá til þess að börnin fái frið í leik.
- Að efla frumkvæði, sköpunarþörf og ímyndunarafli barnanna.
- Að skapa skilyrði til að börnin geti ræktað vináttu við önnur börn og við starfsfólk leikskólans.
- Að hvetja börnin til að vinna saman.
- Að auka einbeitingu barnanna með því að brjóta ekki í sífellu upp leik þeirra og starf með skipulagi sem þau fá engu ráðið um.
- Á öllum svæðum skólans er lögð rík áhersla á málrækt með ýmsum aðferðum sem eiga við á hverju svæði.



Vatnsnes (fataklefi og salerni)

Uppeldisleg markmið:

- Að annast börnin líkamlega af virðingu, hlýju, nærgætni, umburðarlyndi og kærleika.
- Að leitast sífellt við að styrkja sjálfsmynd barnanna, auka þeim öryggi og efla þroska þeirra.
- Að stuðla að því að börnin temji sér hreinlæti og góða umgengni.
- Að stuðla að traustum, hlýjum samskiptum milli barnanna og milli starfsfólks og barna.
- Að hvetja börnin til að tjá sig, segja frá og rökstyðja mál sitt.

Sérstakir áhersluþættir í Vatnsnesi

Líkamleg umhirða þar sem nærgætni, hlýja og festa eru mikilvægir þættir.

- Hjálpa foreldrum og börnunum að finnast þeir velkomnir í leikskólann.
- Hjálpa börnunum til sjálfshjálpar. Stefna að því að ákveðin færni sé fyrir hendi þegar barnið lýkur leikskólagöngu, s.s. að þau kunni að hneppa, reima, renna upp lás o.fl.
- Koma á móts við áhuga barnanna á vatnsleikjum.
- Lesa og skoða bækur.

Verklýsing:

- Taka vel og hlýlega á móti börnunum og foreldrum þeirra. Heilsa og bjóða börnin sérstaklega velkomin með nafni.
- Kveðja börnin fallega og þakka fyrir daginn.
- Hjálpa börnunum við salernisferðir og taka ábyrgð á að þau fái þá hjálp sem þau þurfa.
- Sjá til þess að fyllsta hreinlætis sé gætt, börnin þvoi hendur eftir salernisferðir.
- Aðstoða börnin við að klæða sig úr og í. Hjálpa þeim til sjálfshjálpar.
- Gefa börnunum tíma til að hjálpa hvert öðru.
- Gefa sér tíma til að spjalla við börnin (líkaminn, litir, tölustafir), um leið og þau eru aðstoðuð við að klæða sig. Muna að hrósa börnunum og gæta þess að þau fari glöð út.
- Sótthreinsa vaska og salernisskálar í hádeginu daglega. Sótthreinsa annað eftir þörfum.
- Tæma ruslafötu í hádegi. Setja í eða taka úr þvottavél ef þörf er á því.
- Ganga frá í töskur barnanna.
- Halda svæðinu þrifalegu. Þurrka upp bleytu og sópa eftir þörfum bæði ganginn uppi stigann og anddyrið niðri.
- Bjóða upp á sull og leiki með vatn.

Framnes (hlutverkaleikir/spil og bækur)

Uppeldisleg markmið:

- Að búa börnunum lærdómsríkt og skemmtilegt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði.
- Að virða sjálfsákvörðunarrétt barnanna og auka þannig sjálfsvirðingu þeirra og trú á eigin getu.
- Að hvetja börnin til sáttfýsi og samvinnu og efla skilning þeirra á jafnrétti og gildi vináttunnar.
- Að þjálfa athyglisgáfu barnanna, hugsun, minni og einbeitingarhæfni.
- Að auka orðaforða, lesa, ræða við börnin og hvetja þau til frásagna.
- Að gæta að og örva sköpunarþörf, hugmyndaflug og tjáningu barnanna sem birtist í leikjum þeirra. Muna að það er ferlið sem skiptir máli.

Sérstakir áhersluþættir í Framnesi:

- Að líta á leikinn sem kjarna uppeldisstarfsins, virða hann og trufla hann ekki nema nauðsyn beri til.
- Að gleyma ekki gleðinni. Taka þátt í leik barnanna, hvetja til söngs, gantast og hlæja.
- Að leyfa börnunum að nota vatn og ávexti og grænmeti í leik sínum þegar þau biðja um það.
- Að stuðla að því að börnin njóti sín, óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, kynferði uppruna, menningu eða trú.
- Að stuðla að því að börnin læri að meta gildi vináttunnar.
- Að hvetja þau til hjálpssemi og ábyrgðarkenndar gagnvart mönnum og málleysingjum.

Verklýsing:

- Fylgjast vel með leik barnanna og vera reiðubúin að örva þau og taka þátt í leiknum á þeirra forsendum.
- Hafa bækur og spil aðgengileg fyrir börnin.
- Leggja áherslu á að lesa fyrir börnin og skrá lesturinn á þar til gert blað.
- Sjá til þess að góður leikur sé ekki truflaður og reyna að skrá leikferli svo oft sem auðið er.
- Sjá til þess að vel sé gengið um svæðið og því skilað hreinu í vikulok.
- Gera við (líma) laskaðar bækur og spil ef þarf.
- Venja börnin á að ganga frá eftir sig þar sem hægt er að koma því við.

Vinaminni (myndsköpun)

Uppeldisleg markmið:

- Að börnin fái tækifæri til að njóta listsköpunar.
- Að auka sjálfstraust barnanna, muna að það er ferlið sem skiptir máli.
- Að örva fegurðarskyn barnanna í smáu sem stóru.
- Að örva sköpunahæfni og sköpunargleði barnanna.
- Að vekja áhuga barnanna á umhverfi og náttúru.
- Að börnin læri að meðhöndla ýmis áhöld og ólíkan efnivið.

Sérstakir áhersluþættir í Vinaminni:

- Láta viðurkennandi viðmót vera ráðandi á svæðinu (gildir fyrir öll svæði).
- Gera aldrei lítið úr börnunum eða verkum þeirra.
- Sjá til þess að myndsköpuninni fylgi gleði og ánægja.
- Fylgjast vel með þroska barnanna og skrá niður athuganir ef kostur er.
- Örva hugmyndaflug barnanna og skapandi tjáningu.
- Stuðla að því að börnin temji sér góða umgengni.
- Hvetja börnin til sáttfýsi og samvinnu.

Verklýsing:

- Vera vel undirbúin og hafa skýr markmið með vinnunni á svæðinu.
- Leitast við að tengja vinnuna á þessu svæði því sem búið er að vera að gera undanfarnar vikur.
- Hafa alltaf leikleir, pappír, lím, liti og skæri aðgengilegt fyrir börnin.
- Hafa annan efnivið fjölbreyttan og aðgengilegan.
- Hafa jarðleir í boði a.m.k. einu sinni í viku.
- Merkja vel og ganga frá verkum barnanna í möppur.
- Skrifa niður það efni sem vantar og hugmyndir að nýjum efnivið.
- Hafa röð og reglu á borðum, hillum og skápum.
- Gæta að samvinnu við Vatnsnes þegar mikið er verið að mála.
- Stuðla að því í allri vinnu á svæðinu að barnið nái tókum á ákveðinni færni í fínhyringum, kunni litina, þekki formin, kunni að klippa o.fl.
- Skrá athuganir.

Gróf (salur)

Uppeldisleg markmið:

- Að efla hreyfifroska, hreyfigetu, snerpu og þol.
- Að hjálpa börnunum að skynja líkaman sinn og ná stjórn á hreyfingum sínum.
- Að börnin eigi ánægjulegar stundir tengdar hreyfingu og beitingu líkamans.
- Að styrkja samhæfingu hreyfinga, jafnvægi og öryggi.
- Að sjá til að börnin reyni á sig og auki þannig úthald sitt, örvi hjartslátt og blóðrás.
- Að börnin nái að átta sig á rými, fjarlægðum og áttum.

Sérstakir áhersluþættir í Gróf:

- Muna að hláturinn lengir lífið.
- Gera aldrei lítið úr barni, tala aldrei niðrandi til þess.
- Muna að gagnrýna hegðun, ekki einstakling.
- Vera dugleg að skrá og fylgjast með hverju barni fyrir sig. Hvar er það stadd í hreyfifroska? Þarf að gripa til ráðstafana?
- Kenna börnunum að fara eftir fyrirmælum.
- Hjálpa börnunum að skilja gagn þess að hlusta og einbeita sér.

Verklýsing:

- Opna svæðið kl. 8:15 (líka þó að fá börn séu mætt) og aftur e.h. þegar hádegisbörnin hafa hvílt sig.
- Mæta ávallt vel undirbúin og vinna markvisst á svæðinu.
- Nýta svæðið til hreyfileikja, tónlistar- og leiklistariðkunar.
- Vera með og taka þátt í leik barnanna á þeirra forsendum.
- Fara með börnunum í hópleiki, söng og rytmaleiki.
- Sjá um að börnunum standi til boða verkefni sem auka hreyfigetu og stuðla að aukinni færni þeirra, bæði andlegri og líkamlegri.
- Sjá um að öll börnin fari gegnum skipulagða hreyfistund vikulega. Skipta hreyfistundunum upp í: upphitun, aðalæfingu og slökun.
- Muna gleðina. Það er gaman að takast á við erfiðar æfingar.
- Hvetja þau sem ekki þora til að þora. Halda kjarkæfingum hátt á lofti.
- Skrá það sem gert er með börnunum svo aðrir geti haft gagn af og byggt ofan á það sem búið er að vera að gera. Samvinna starfsfólks er afar nauðsynleg.
- Nýta hugmyndamöppur í sal og diska og hljóðsnældur sem geymdar eru í þvottahúsi.
- Halda svæðinu hreinu. Þvo skápa og þurrka af hillum.

Bláholt (eldhús)

Uppeldisleg markmið:

- Að vera góð fyrirmynd og sitja til borðs með börnunum sé þess nokkur kostur.
- Að gera morgun- og kaffitíma að friðsælum notalegum stundum.
- Að örva umræður þar sem barnið fær að tjá sig um það sem því liggur á hjarta og lærir að taka tillit til félaga sinna og hlusta á þá.
- Að virða og örva sjálfsbjargarviðleitnina. Gefa börnunum tíma, leyfa þeim að skammta sér sjálf, hella sjálf í glösin, smyrja sjálf brauðið sitt. Hjálpa þeim að hjálpa sér sjálf, ná valdi á samhæfingu augna og handa og auka þannig sjálfstraust þeirra og trú á eigin getu.
- Að styrkja félagsvitund barnanna með því að kenna þeim gildi samvinnu. Sjá til að börnin taki þátt í undirbúningi og aðstoði við frágang máltíða.

Sérstakir áhersluþættir í eldhúsi:

- Eldhúsið er hjarta hússins, þangað er gott að koma. Viðurkennandi viðmót.
- Leitast við að veita börnunum holl uppeldisskilyrði. Vera vakandi fyrir næringargildi fæðunnar sem í boði er.
- Gæta þess að máltíðunum fylgi alltaf vellíðan og ánægja.
- Muna uppörvun og hrós.
- Hvetja börnin til að smakka allan mat en neyða aldrei mat ofan í þau.
- Viðurkenna og virða að yngstu börnin koma oft og borða lítið í einu.
- Gæta hreinlætis við allan matarundirbúning og kenna börnunum almenna borðsiði og hreinlætisvenjur.

Verklýsing:

- Taka úr frysti eftir þörfum.
- Skrá á töflu það sem vantar og þarf að kaupa.
- Panta ost og ávexti og jafnvel fleira fyrir hádegi á föstudögum.
- Eldhúsið er opið börnunum frá kl. 8:00 til 10:00 og frá kl. 14:00 til 16:00.
- Merkja við börnin og gæta þess að þau borði.
- Sjá til að allir fái næringu hvort sem þeim er fært inn í leik á leiksvæðunum eða smurt og geymt fyrir þau í eldhúsi þar til þau hafa tíma til að borða.
- Brytja ávexti og eða grænmeti til að hafa í boði í samverustundum og á svæðum
- Baka með afmælisbörnun eða undirbúa afmælin á annan hátt.
- Halda eldhúsi þrifalegu. Þrifa ísskáp vikulega og skápa, skápahurðir, gluggakistur, gólflista og veggir eftir þörfum. Sópa gólfíð reglulega. Tæma og ganga frá uppþvottavél í lok hvers dags
- Nýta eldhúsið með börnunum á innidögum milli 10:00 og 12:00 og aftur milli 13:00 og 14:00. Líka hægt að nýta þennan tíma í þrif ef ekki er þörf fyrir starfsmanninn á öðrum svæðum.

Sólvellir (útsvæði)

Uppeldisleg markmið:

- Að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna á útsvæði.
- Að örva leik barnanna, frumkvæði þeirra og virkni með því að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni og skemmtilega leiki á útsvæði.
- Að hvetja börnin til að sýna hvert öðru og öllu lífi virðingu, umhyggju og umburðarlyndi.
- Að hjálpa börnunum að leysa deilur á farsælan hátt. Fá þau til að skilja að ofbeldi leysir engan vanda.
- Að hlusta á börnin og svara spurningum þeirra

Sérstakir áhersluþættir á útsvæði:

- Sjá til að börnin fái útrás fyrir hreyfipörf sína og hvetja þau börn sem þarf að hvetja til að hreyfa sig, hlaupa, hoppa, skoppa og klifra.
- Gæta þess að rækta hóp- og hreyfileikjaarfinn. Vera dugleg að fara í hópleiki með börnunum og hvetja þannig til vináttu, samkenndar og samvinnu milli barnanna.
- Vera vakandi fyrir tækifærum sem upp koma í útvistinni og geta kveikt umræður og sett í gang sköpunarferli hjá börnunum.
- Rækta með þeim virðingu og áhuga á öllu sem lifir og hreyfir sig í náttúrunni. Allt líf er mikilvægt.

Verklýsing:

- Kennari ber að athuga hvort hliðið sé lokað.
- Kennari ber ábyrgð á að hlið sé ávallt lokað meðan börn eru á útsvæði.
- Fara yfir svæðið, tína rusl á lóð og athuga hvort óæskileg úrgangsefni séu í sandkassa.
- Opna leikfangageymsluna og aðstoða börnin við að ná í það sem þau óska.
- Staðsetja sig þar sem yfirsýn í garðinum er best.
- Bjóða upp á smíðar (ekki sög nema strangt eftirlit sé fyrir hendi).
- Bjóða upp á rennandi vatn, sjá þá til að börnin séu klædd samkvæmt því.
- Sjá um að garður og geymsla séu snyrtileg.
- Flokka frá biluð og ónýtt leikföng.
- Vera vakandi fyrir slysagildrum. Fara yfir leiktæki og koma upplýsingum til öryggisfulltrúa sé eitthvað athugavert.
- Tiltækt á svæðinu hefst ekki (nema eitthvað sé að veðri) fyrr en eftir að börnin eru farin. Hafa þá leikfangageymsluna opna svo börnin sem eftir eru komist í það dót sem þau vilja. Tíminn áður en börnin fara heim má aldrei verða biðtími.
- Frágangur á útsvæði kemur í hlut þess sem leysir af á svæðinu.
- Muna leik og leikgleði, vera áhugasöm og hvetjandi á útsvæði.
- Muna lestur/spil/spjall þegar ekki er verið úti.

Náttúra og umhverfi

Náttúran er miklvægur þáttur í lífi okkar allra og nauðsynlegt að við kennum börnunum að virða hana og vernda. Til þess þurfa börnin að þekkja hana og finna að hún skiptir þau máli.

Tengsl barns og náttúru

Til að tryggja að öll börnin njóti náttúrunnar og nái að tengjast henni á einhvern hátt, hefur börnunum verið skipt upp í hópa. Hóparnir eiga sér ákveðinn stað í bænum sem þeir heimsækja a.m.k. einu sinni á hverri árstíð til að fylgjast með breytingum náttúrunnar. Oft hafa börnin með sér nesti og eiga saman góða stund. Í þessum ferðum eru umhverfismálin rædd og hvers vegna það er okkur nauðsynlegt að ganga vel um landið okkar. Börnin leggja sitt af mörkum, þau tína rusl bæði á leiðinni og kringum staðinn sinn. Þau koma svo gjarnan sligandi heim með ýmislegt sem þau finna á leiðinni. Það geta verið ákaflega fjölbreytilegir hlutir t.d. stóll, undirkjöll, spýtur af öllum gerðum og stærðum o.fl. o.fl. Það getur líka verið dauður fugl, fluga eða bein. Stundum gera þau myndlistarverkefni þegar þau koma úr þessum ferðum og upplifunin er ennþá skýr í kollinum á þeim.

Auk þessara ferða erum við með matjurtagarð í skólagörðum Reykjanesbæjar fyrir eldri börnin. Þar hafa verið settar niður kartöflur og grænmeti á hverju sumri og börnin notið góðs af því.

Menning og samfélag

Leikskólinn Vesturberg er utarlega í vesturbæ Keflavíkur í Reykjanesbæ. Stutt er í fjöru, smábátahöfnina og út á Berg þar sem ótal ævintýri bíða eftir að verða til.

Ferðir – nágrennið

Reynt er að nýta nánasta umhverfi til ferða af ýmsu tagi, náttúruskoðunar, heimsóknar á vinnustaði, heimsóknar í stofnanir: lögreglu, slökkvistöð, pósthús o.fl. Stundum hafa foreldrar boðið okkur að koma í heimsókn á vinnustaðinn sinn.

Í þessum ferðum er mikil áhersla lögð á hvernig við eigum að hegða okkur í umferðinni. Við höfum líka reynt að tengja umhverfið, sérstaklega í leynistaðaferðunum, þeirri sagnahefð sem menning okkar er sprottin úr, með því að segja börnunum sögur um álfa, tröll og huldufólk.

Hátíðir og hefðir

Allmargar hefðir hafa orðið til þessi ár sem leikskólinn hefur starfað. Fyrir utan hátíðir eins og afmæli barnanna, öskudag, sprengidag, bolludag, sumardaginn fyrsta, 1. des. og 17. júní hefur leikskólinn þróað hefðir við ýmis tækifæri:

- Haldin er aðventuhátíð í sal þar sem spjallað er um jólin, börnin syngja og leika jólaguðspjallið.
- Farið í kirkju á adventunni.
- Haldið þorrablót í leikskólanum, sagt frá gamalli tíð, heimsótt Byggðasafnið o.fl.
- Haldin er útskriftarhátíð í Frumleikhúsinu þar sem elstu börnin sýna afrakstur vetrarvinnunnar, syngja, sýna leikatriði og eru að lokum útskrifuð við hátíðlega athöfn. Einnig hafa útskriftarnemar farið í útskriftarferð á hina ýmsu staði til dæmis í Hafnirnar eða Vatnaskóg.
- Haldið vor-/sumarhátíð í garðinum en þá er byrjað á að ganga í skrudgöngu um hverfið og síðan eru skemmtiatriði, hópleikir og grill.
- Haldið upp á afmæli leikskólans.
- Haldið upp á dag íslenskrar tungu 16. nóvember, bæði í leikskólanum og í Frumleikhúsinu.
- Hefð hefur skapast á adventunni að börnin fara á kaffihús og fá kakó og piparkökur.
- Afmæli barnanna eru haldin hátíðleg. Þeim stendur til boða að baka kökur, poppa eða koma með veitingar að heiman og bjóða börnum leikskólans. Börn og starfsfólk safnast saman í Gróf og þar er sungið fyrir afmælisbarnið sem blæs á kerti og býður upp á veitingar.

Fagnaðarfundir

Auk þess sem að ofan er nefnt er haldinn fagnaðarfundur mánaðarlega. Þá safnast allir í salinn og eiga ánægjulega stund saman. Stundum renna fagnaðarfundirnir saman við hátíðirnar sem að ofan eru nefndar. Fagnaðarfundirnir hafa verið með ýmsu sniði gegnum árin, allt eftir aldri og þroska barnahópsins. Starfsfólkið skiptist á að skipuleggja fundina og hefur að aðalmarkmiði að virkja börnin, þjálfa þau í að koma átakalaust fram, leika og syngja, fyrir hóp barna og fullorðinna.

Mat á leikskólastarfinu

Innra gæðamat - framkvæmd

Í leikskólanum hafa þróast nokkrar aðferðir til að meta starfið með börnunum. Á öllum svæðum er viðvera barnanna skráð á hálf tíma fresti og þannig fylgst með hvernig þau verja tímanum í leikskólanum. Lestur í Framnesi er einnig skráður á þar til gert blað og fylgst með hvaða börn sækja í að láta lesa fyrir sig og hvaða börn gera það ekki. Gönguferðir eru líka skráðar svo tryggt sé að börnin njóti jafnræðis. Skipulagðar hreyfistundir eru einu sinni í viku og fylgst með því í Gróf með skráningu að allir fari í þær. Frá fjögurra ára aldri fara börnin gegnum hreyfiþroskapróf árlega. Einnig hefur verið farið af stað með atferlisathuganir, sem öll börn leikskólans taka þátt, en með þeim er verið að athuga sérstaka þætti hjá börnunum. Niðurstöður þess prófs eru ræddar á foreldrafundum á vorin. Tveir starfsmannafundir á ári eru nýttir til að ræða um börnin og taka ákvarðanir um hvort líðan þeirra sé slík að grípa þurfi til sérstakra aðgerða. Vorið 2003 var hrint í framkvæmd lestrarátaki þar sem öllum börnum leikskólans var gefin bók og lögð áhersla við foreldra að lesa fyrir börnin sín. Þessu verkefni hefur verið sinnt hér í Vesturbergi og gengur vel.

Mat foreldra

Foreldrum gefst kostur á að meta starfið u.þ.b. annað hvert ár. Þá er lagður fram til þess gerður listi sem foreldrar svara og gefa niðurstöðurnar vísbendingar um hvað vel er gert og hvað má betur fara. Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar hefur einnig lagt viðhorfskönnun fyrir foreldra allra barna í leikskólum bæjarins.

Mat starfsfólks

Í Vesturbergi er lögð áhersla á að sameiginleg sýn á barnið og bernskuna sé ráðandi í starfsmannahópnum. Til að halda þessari sýn vakandi hafa deildarstjórar samtöl einu sinni á vorönn, ásamt því að hafa stutt samtöl þar á milli, en leikskólastjóri hefur starfsmannasamtöl einu sinni á haustönn. Samtölunum er einnig ætlað að kanna hug starfsfólksins til starfsins, hvort því finnst mannauður þess metinn og nýttur sem skyldi. Verkefnum er svo skipt niður á fólk eftir áhuga þess og getu.

Ársskýrsla

Ársskýrslu er skilað til rekstraraðila í lok hvers skólaárs. Þar gerir leikskólinn grein fyrir starfinu sem unnið var á árinu. Leikskólafulltrúi vinnur síðan sameiginlega ársskýrslu fyrir alla leikskólana í Reykjanesbæ og sendir m.a. til skólanefndar bæjarins og í menntamálaráðuneytið.

Hagnýtar upplýsingar

Sérfræðipjónusta – yfirumsjón

Málefni leikskóla heyra undir Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar en fræðsluráð hefur umsjón með málefnum leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í umboði bæjarstjórnar. Eiríkur Hermannsson er fræðslustjóri í Reykjanesbæ. Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar sinnir ráðgjöf og eftirliti með leikskólum Reykjanesbæjar. Sérkennslufulltrúi leikskólanna, sálfræðingar og talmeinafræðingur sinna leikskólunum með ráðgjöf og greiningu, en foreldrar þurfa að skrifa undir beiðni um sérfræðiaðstoð ef grunur er á seinkuðum þroska.

Leikskólafulltrúi er Guðríður Helgadóttir. Hún hefur yfirumsjón og eftirlit með rekstri og faglegu starfi leikskólanna.

Sími Fræðsluskrifstofunnar er: 421 - 6700.

Að koma og fara

Enginn fastur mætingatími er í leikskólanum. Við teljum klukkuna stjórna athöfnum okkar í of ríkum mæli og þjóðfélagið einkennast um of af flýti og stressi sem kemur niður á börnunum. Til að veða upp á móti því, viljum við gera foreldrum kleift, ef þeir hafa rýmri tíma einhvern morguninn, að njóta samvista við barnið sitt í rólegheitum og koma svo í leikskólann. Okkur er ljóst að reglufesta í mætingum eykur öryggiskennd barnsins gagnvart leikskólanum. Sum börn þurfa þessa festu, önnur síður. Við metum það sameiginlega þegar barnið er byrjað.

Það er nauðsynlegt að foreldrar láti starfsfólk vita þegar þeir koma með eða sækja barnið. Það er líka mikilvægt og eykur öryggiskennd barnsins að foreldrar gefi sér góðan tíma þegar þeir koma með og sækja barnið.

Leikföng

Börnin mega koma með leikföng að heiman, þó einungis einn hlut í einu. **Leikskólinn tekur enga ábyrgð á leikföngum barnanna.**

Fatnaður

Klæðið börnin eftir veðri. Hafið klæðnað barnanna þægilegan svo að þeim líði vel í fötunum og til þess að þau eigi auðvelt með að hjálpa sér sjálf við salernisferðir o.fl. Nauðsynlegt er að hafa alltaf aukaföt í töskunni sem grípa má til ef óhöpp eiga sér stað. **Mikilvægt er að fötin séu merkt.** Munið að leikskólinn er vinnustaður barnanna ykkar og því best að þau komi í fötum sem sjá má á, t.d. eftir ýmsa föndurvinnu eða ánægjulega stund á útisvæði.

Viðtalstímar

Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir samkomulagi hverju sinni. Deildarstjórar hafa fastan við talstíma, einu sinni í viku, í sínum undirbúningstíma.

Óhöpp, slys og veikindi

Börn í leikskólum Reykjanesbæjar eru slysatriggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barn veikist eða verður fyrir slysi, höfum við strax samband við foreldra. Náist ekki í þá eða ef um alvarlegt slys er að ræða, er farið með barnið beint á slysadeild.

Fjarvistir barna

Vinsamlegast látið starfsfólk leikskólans vita ef barn er veikt eða í frí.

Breytt heimilisfang/símanúmer

Mikilvægt er að tilkynna um breytta hagi barnsins eins og nýtt heimilisfang og símanúmer. Einnig er nauðsynlegt að við séum alltaf með rétt símanúmer á vinnustað foreldra.

Skipulags dagar

Skipulags dagar eru þrjár á ári. Þá er leikskólinn lokaður. Skipulagsdagarnir eru auglýstir með mánaðarfyrirvara. Skipulagsdagana notar starfsfólkið m.a. til að fá til sín fyrirlesara um ýmis efni tengd starfinu, skipuleggja og endurskipuleggja innra starf leikskólans, koma nýjum hugmyndum til starfsfólks og til annarrar faglegrar samvinnu.

Sumarleyfislokun

Leikskólar Reykjanesbæjar eru lokaðir í fimm vikur á ári á tímabilinu júní til ágúst. Leikskólarnir skipta með sér sumarleyfistímanum þannig að aldrei er lokað á sama tíma tvö ár í röð.

Dvalargjöld

Dvalargjöld eru greidd fyrirfram fyrir einn mánuð í senn og geta foreldrar valið um að greiða þau með greiðslukorti eða í gegnum greiðsluþjónustu bankanna. Dvalargjöldin eru reiknuð í heilum og hálfum klukkustundum. Ekki er hægt að vista barn skemur en fjóra tíma á dag.

Ef barn á systkini í leikskóla eða í skólagæslu er veittur 40% afsláttur fyrir annað barn og 75% afsláttur fyrir það þriðja.

Skuldi foreldrar þrjú mánuði missir barnið leikskólarýmið og skuldin er sett í innheimtu hjá lögfræðingi.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Sama gildir um breytingu á vistunartíma.

Annað

Við vinnslu þessarar námskrár var tekið mið af hinum ýmsu stefnum Reykjanesbæjar en þar má nefna

- Skólastefnu Reykjanesbæjar
- Forvarnarstefnu Reykjanesbæjar
- Starfsmannastefnu Reykjanesbæjar
- Fjölskyldustefnu Reykjanesbæjar

Einnig var tekið mið af skólastefnu Félags leikskólakennara og aðalnámskrá leikskóla.

Gert í Reykjanesbæ í október 2004.

Leikskólastjóri Vesturbergs
Brynja Aðalbergsdóttir

